

## Aðalfundur LS 2023 – 12. október.

### Ræða Svandísar Svavarsdóttur

flutt af Kára Gautasyni aðstoðarmanni ráherra.

Fundarstjóri og góðir fundarmenn/ársfundar

Ég vil biðja á að þakka fyrir þetta tækifæri til þess að ávarpa ykkur hér í dag. Ykkar samtök eru þau sem mitt ráðuneyti á í hvað mestum samskiptum við, af hagsmunahópum í sjávarútvegi og landbúnaði. Þessi samskipti hafa verið undir ýmsum formerkjum, umsagnir um frumvörp, fundahöld og önnur skoðanaskipti og svo þáttaka í stefnumótunarverkefninu Auðlindinni okkar. Eins og aðrir hagsmunaaðilar þá hafið þið látið í ykkur heyra varðandi málefni sem þið teljið ykkur hafa hagsmuni af og ég virði það.

Einn tilgangurinn við það að stofna matvælaráðuneytið var að færa umræðuna áfram. Að stefna stjórnvalda væri í málefnum matvælaframleiðslu sem heildar en ekki einskorðað við landbúnað og sjávarútveg.

Þetta hefur borið ávöxt, samþykkt hefur verið matvælastefna og landbúnaðarstefna og kynnt hefur verið stefna í fiskeldi og unnið er að frumvarpasmíð um heildarlög um sjávarútveg sem byggir á stefnumörkun stjórnvalda. Í engri stefnumótun hafa hagsmunaaðilar verið fullkomlega ánægðir ekki í matvælaráðuneytinu frekar en annars staðar í samfélaginu. Sumir vilja meira af þessu og minna af hinu, aðrir vilja að sínir hagsmunir verði að stefnu stjórnvalda og annað þessu líkt. Það er eðlilegt í lýðræðissamfélagi að taka þá umræðu. Að endanum verða það þó alltaf stjórnvöld sem setur stefnuna. Ég sem matvælaráðherra hef einsett mér að vinna að almannahagsmunum – en þeir hagsmunir eiga mikið undir í matvælaráðuneytinu. Það er mitt hlutverk og verkefni.

Vinnu starfshópa í verkefninu Auðlindin okkar er nú lokið og skýrsla þeirra var kynnt í lok sumars. Skýrslan er afrakstur víðtæks samráðs ólíkra hagsmunaaðila. Í skýrslu starfshópanna ber hæst tillögur um breytingu á útreikningi veiðigjalds, eflingu hafrannsóknna, vistkerfis- og varúðarnálgun við nýtingu nytjastofna sjávar, breytta skilgreiningu á yfirráðum í reglum um hámarks aflahlutdeild og stóraukið gagnsægi í málefnum sjávarútvegsins.

Þá er rökstutt að þörf sé að setja auðlindaákvæði í stjórnarskrá landsins– þó að það verði ekki tillaga mín sem fagráðherra þá hef ég sannfæringu fyrir því að það sé mikilvægt skref. Einnig eru gerðar tillögur um einföldun á ráðstöfun þess 5,3% aflamagns sem dregið er frá leyfilegum heildarafla. Þær fjalla meðal annars um að línuviltun og skel- og rækjubótum verði hætt, almennur byggðakvóti verði leigður út og tekjur sem af því skapast renni til stuðnings byggðum, þá verði einnig kveðið skýrar á um markmið og árangur þeirra aðgerða sem falla undir 5,3% og nefnt hefur verið byggðakerfi í skýrslu

starfshópanna. Skýrsla starfshópanna – sjálfbær sjávarútvegur og áform um lagasetningu voru birt í samráðsgátt stjórnvalda í lok ágúst en umsagnarfresti lauk núna í september. Í ráðuneytinu stendur yfir vinna við að greina tillögurnar, vinna úr umsögnum um skýrsluna og áform um lagasetningu og undirbúa drög að lagafrumvarpi. Áætlað er að drög að nýjum heildarlögum liggi fyrir í nóvember á þessu ári og verði birt í samráðsgátt í kjölfarið. Ég reikna með að ykkar samtök muni hafa skoðanir á þeim rétt eins og þau höfðu skoðanir á áformaskjölunum.

Sem lið í þessari vinnu lét ráðuneyti mitt framkvæma stærstu viðhorfskönnun meðal almennings á sjávarútvegi sem gerð hefur verið. Niðurstöður þeirrar könnunar eru geysilega áhugaverðar og væri hægt að ræða hér í allan dag. En þar kemur fram að almenningur stendur með strandveiðum, en jafnframt ekki einróma um hvert markmið þeirra eigi að vera, þó að flestir séu á því að þær eigi að veita sanngjarnan aðgang að fiskveiðum og að byggðasjónarmið vegi þungt. Það er svo misjafnt hvað fólki finnst sanngjarnt í þeim efnum, eru það 15 tonn á hvern strandveiðibát á sumri hverju, 20 eða 40?

Með réttu hefur verið gagnrýnt hversu erfitt hefur verið fyrir nýja aðila að hasla sér völl í sjávarútvegi. Nýliðun hefur verið afar lítil á sama tíma og útgerðir hafa stækkað. Strandveiðikerfið var hugsað til þess að gefa þeim sem ekki hafa veiðiheimildir möguleika á því að reyna fyrir sér í sjávarútvegi og auðvelda nýliðun. Veiðarnar væru undir sömu lögmál sett og aðrar veiðar, takmarkaðar veiðar þar sem fiskistofnar yrðu nýttir á sjálfbæran hátt.

Strandveiðikerfið hefur tekið breytingum á þeim fjórtán árum sem það hefur verið við lýði, en grundvallaratriði þess eru eins og í upphafi. Hluta þeirra heimilda sem ríkið tekur til sín til atvinnu- og byggðaverkefna er ráðstafað í strandveiðar og breytist í takt við ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar. Mörg hundruð aðilar stunda strandveiðar á hverju ári og landa afla sínum allt í kringum landið. Talsverð nýliðun hefur orðið á þessum árum og því óhætt að segja að markmiðin með strandveiðunum hafa náð fram að ganga að mörgu leyti. Það er því mikilvægt að halda áfram að þróa og treysta strandveiðar og festa þær frekar í sessi svo sem með því að lögfesta skýr markmið og hvernig árangur strandveiða er metinn.

Það tel ég mikilvægt til þess að festa veiðarnar í sessi en jafnframt til þess að þær skili sem mestu, fyrir samfélagið. Ég hef heyrt ýmsar kenningar um hvað þurfi að gera og ýmsir eru tilbúnir til þess að leggja mér til pakkalausnir í þeim efnum. Staðreyndin er sú að í lögum er fyrirkomulag strandveiða njörvað niður og ráðherra á hverjum tíma getur ekkert gert annað en að framfylgja þessum lögum. En lög eru mannanna verk og því tel ég mikilvægt að við drögum lærdóm af reynslunni. Það er ekki gott fyrir framtíð strandveiða að þær verði í óbreyttri mynd enn annað sumar.

Í sumar þegar Hafrannsóknarstofnun gaf út sína veiðiráðgjöf var niðurstaðan sú að leggja til nánast óbreytt aflamark í þorski, vonandi er það merki um að lækkun í ráðgjöf sem hófst 2020 sé nú lokið, líkt og hækkanir stýrivaxta. En ráðgjöfin hefur lækkað um

fjórðung síðan þá. Ástæða lækkunnar aflamarks í þorski er fyrst og fremst vegna fremur veikra árganga sem nú mynda stóran hluta veiðistofnsins. Þannig hefur verið minna til skiptanna en vonir stóðu til. Mikilvægast af öllu er að halda áfram að byggja upp fiskistofna við landið og huga vel að vistkerfi hafsins. Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir fiskistofnana sjálfa heldur einnig fyrir sjávarbyggðir og samfélagið allt. Þetta er einfalt; það sem er gott fyrir fiskistofnana er gott fyrir okkur öll.

Ég mun sem ráðherra sjávarútvegsmála hvergi hvika frá því að fylgja vísindalegri ráðgjöf um nýtingu fiskistofna og að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti enda er það forsenda þess að aflaheimildir geti aukist í framtíðinni. Það er ekki síður ásetningur minn að skapa skilyrði fyrir því að markmið laga um stjórn fiskveiða náist, að efla atvinnu og byggð í landinu. Strandveiðar skipta þar máli og því mikilvægt að standa áfram vörð um þær. Að því mun ég huga í heildarlögum um sjávarútveg sem lagt verður fram í vetur. Ég hef staðið með strandveiðum og hyggst gera það áfram.

Ég óska ykkur góðs gengis við ársfundarstörf.